

**Ed.**

## **889. Frumvarp til laga**

um gagnfræðanám.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 434, með þessum breytingum:

9. gr. hljóðar svo:

Við hvern gagnfræðaskóla og miðskóla skal vera skólanefnd skipuð 5 mönnum. Í kaupstöðum skulu 4 þeirra kosnir hlutfallskosningu af nýkosinni bæjarstjórn, en utan kaupstaða af sýslunefnd.

Ef tvö eða fleiri fræðsluhéruð standa saman um skóla, kýs hver sýslunefnd tvo skólanefndarmenn. Fræðslumálastjórn skipar einn mann i nefndina, og er hann formaður. Skipun hans gildir um sama tímabil.

Par sem skyldufræðsla gagnfræðastigsins fer fram í barnaskólum, skal vera sama skólanefnd fyrir bæði skólastigin. Nú standa tvö eða fleiri skólahverfi saman um skóla, sem veitir aðeins skyldufræðslu gagnfræðastigsins, og setur fræðslumálastjórn þá reglur um fjölda skólanefndarmanna og hve margir skulu kosnir fyrir hvert skólahverfi, og skal í því efni hafa hliðsjón af fólkssjölda.

Heimilt er að fela fræðsluráði störf skólanefndar við þessa skóla, ef fræðslumálastjórn og hlutaðeigandi bæjarstjórnir eða sýslunefndir eru sammála um það.

10. gr. hljóðar svo:

Skólanefndir hafa eftirlit með fræðslu gagnfræðastigsins, hver í sinu skólahverfi, undir umsjón fræðsluráðs og fræðslumálastjórnar. Verkefni þeirra er einkum:

- a) að sjá um, að fullnægjandi húsnaði sé fyrir hendi til lögboðins skólahalds;
- b) að láta auglýsa lausar kennara- og skólastjórastöður og leitast við, ásamt fræðslumálastjórn, að fá hæfa menn í þær;
- c) að láta fræðslumálastjórn í té rökstutt álit á umsækjendum um kennara- og skólastjórastöður ásanit tillögu um, hver skuli valinn, svo og vara- og brautavaratillögu, ef nægilega margir sækja um stöðurnar;
- d) að ráða kennara um stundarsakir, ef þörf krefur;

- e) að sjá um, að skólinn hafi fullnægjandi kennslutæki og að þeim og öðrum munum skólans og skólahúsi sé haldið við á fullnægjandi hátt;
  - f) að hafa eftirlit með skólasókn skólastyldra unglings í hverfinu og gera nauðsynlegar ráðstafanir, ef fræðsluskylda er vanrækt;
  - g) að gera áætlun um kostnað við skólahaldið fyrir hvert reikningsár hlutaðeigandi sveitarfélags, og senda hana í tæka til sveitarstjórn og fræðslumálastjórn.
- Hlutverk skólanefndar skal nánar ákveðið í reglugerð og erindisbréfi, er fræðslumálastjórn setur.

**54. gr. hljóðar svo:**

Fastir kennrarar við skóla gagnfræðastigsins eru embættismenn ríkisins og taka laun úr ríkissjóði samkvæmt launalögum. Ríkissjóður greiðir einnig styrk til stundakennslu samkv. 57. og 63. gr. Annar rekstrarkostnaður greiðist úr skólasjóði. Tekjur skólasjóðs eru: húsaleiga, tekjur af eignum skólans og tekjur af ýmiss konar starfrækslu, sem rekin er í því skyni að afla skólanum tekna. Að svo miklu leyti, sem þessar tekjur hrökkva ekki fyrir gjöldum skólasjóðs, greiða hlutaðeigandi sveitarfélög sjóðnum helming þess, sem á vantar, eftir sömu reglum og stofnkostnaður er greiddur, en ríkissjóður greiðir hinn helminginn. Fræðslumálastjórn ákveður húsaleigu heimavistarnemenda í samráði við skólastjóra og skólanefnd.

**61. gr. hljóðar svo:**

Skólar gagnfræðastigsins eru sameign ríkisins og hlutaðeigandi sveitarfélaga. Nú leggst skóli niður samkvæmt tillögum gagnfræðaráðs og að fengnu samþykki fræðslumálastjórnar, og skulu þá skuldausar eignir hans skiptast milli aðila í sama hlutfalli og stofnkostnaður var greiddur.

**62. gr. hljóðar svo:**

Skólar þeir, sem svara til skóla gagnfræðastigsins, er lög þessi taka gildi, falla undir ákvæði þeirra, ef forráðamenn skólanna óska þess. Tekur ríkið og hlutaðeigandi sveitarfélag við eignum þeirra, réttindum og kvöðum án endurgjalds. Hlutdeild ríkisins og sveitarfélaganna í eignum þessara skóla skal vera í sama hlutfalli og framlög stofnkostnaðar samkvæmt lögum þessum.